FRÁ HÉRAÐSSKÓLANUM Á LAUGARVATNI

Umsóknarfrestur um skólavist er til 30. júní. Í skólanum eru 8. og 9. bekkur grunnskóla. Stórbætt íþróttaaðstaða.
Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 99–6112

DV

Smáauglýsingadeild verður opin sem hér segir:

Miðvikudag 27. maí frá kl. 9–22.00
Fimmtudag 28. maí, uppstigningardag, LOKAÐ.
Föstudaginn 29. maí frá kl.9–22.00.

Athugið. Auglýsing, sem birtast á í laugardagsblaðinu, verður að hafa borist auglýsingadeild fyrir kl. 17.00 föstudag.

DV

Smáauglýsingadeild,
Þverholti 11 – Sími 91-27022.

RÍKISSPÍTALAR
LAUSAR STÖÐUR

BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILD LANDSPÍTALANS

Vegna opnunar unglingageðdeildar Landspítalans óskast eftirtalið starfsfólk:
Meðferðarfulltrúar.
Starfið er fólgið í að annast börn og unglinga með geðrænar truflanir. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið uppeldisfræðilegu námi sem svarar til B.A. prófs, svo sem kennaraprófi, prófi í sálarfræði, félagvísindum eða uppeldisfræði. Unnið er í vaktavinnu.
Hjúkrunarfræðingur og **hjúkrunardeildarstjóri** á göngudeild. Sérmenntun í geðhjúkrun eða annað sérnám, t.d. í félagshjúkrun, uppeldis- og kennslufræði eða stjórnun, æskileg.
Upplýsingar veitir hjúkrunarframkvæmdastjóri, sími 8 46 11.

Reykjavík, 25. maí 1987.

Frá menntamálaráðuneytinu:
Lausar stöður við framhaldsskóla:

Við **Menntaskólann í Kópavogi** staða aðstoðarskólameistara.
Við **Flensborgarskóla í Hafnarfirði** kennarastöður í dönsku, félagsfræði og vélritun.

Við **Verkmenntaskólann á Akureyri** kennarastöður í stærðfræði, tölvufræði, ensku, sögu og félagsfræði, íslensku, sálar- og uppeldisfræði, rafeindagreinum, vélfræðigreinum og námsráðgjöf.

Við **Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi** kennarastöður í þýsku og viðskiptagreinum.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 150 Reykjavík, fyrir 13. júní næstkomandi.


Stundakennara vantar að **Menntaskólanum á Akureyri** í dönsku, ensku, félagsfræði, heimspeki, sögu, sálarfræði, stærðfræði og þjóðhagfræði.

Verkmenntaskóla Akureyrar í ýmsum greinum á heilbrigðissviði, hússtjórnarsviði, tæknisviði og viðskiptasviði.

Umsóknir um stundakennslu skal senda til viðkomandi skóla sem gefa allar nánari upplýsingar.

Umsóknarfrestur til 13. júní næstkomandi.

Menntamálaráðuneytið.



Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir – Mæst á miðri leið & Halastjarna, bómull og íslensk ull, 1985–87 DV-mynd GVA

Ljósberar

Sýning Ingibjargar Styrgerðar að Kjarvalsstöðum

Myndlist
Aðalsteinn Ingólfsson

Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir, sem nú sýnir á austurgangi Kjarvalsstaða, er án efa einn ágætasti fulltrúi hinnar konstrúktífu hefðar í íslenskri textíllist. Þar á ég við að hún gerir enga tilraun til þess að setja af stað rökræna atburðarás í myndrænu rými, er áhugalítil um tilraunir með ólík efni og kærir sig kollótta um táknmál.

Listakonan vefur einfaldlega úr nokkrum frumþáttum myndlistar: sjálfum myndfletinum, beinni (og endalausri) línunni og litnum. Meira að segja lætur hún sér nægja einn litatón og tilbrigði um hann.

Ingibjörg Styrgerður byggir verk sín síðan upp af markvissri rökvísi. Veftir hennar (10 að tölu) eru flestar óreglulegar í laginu og er gott samræmi milli lögunar þeirra og línanna sem þekja myndflötinn, það er, lögun hverrar veftar ákvarðar að mestu ferli línanna innan hennar. Hvorttveggja ítrekar síðan tvívídd flatarins og hlutlægni.

Þar með eru form og „inntak" orðin eitt og óaðskiljanleg í verkum sem ekki gera neinar sérstakar kröfur til áhorfandans. Þá hafa þau sterka nánd.

Eða eins og bandarískri listamaðurinn Frank Stella sagði um málverk sín sem hugsanlega hafa haft einhver áhrif á Ingibjörgu Styrgerði: What you see is what you see.

Þó er kannski meira að gerast í veftum listakonunnar heldur en Stella karlinn hefði gúterað. Á stöku stað rýfur hún samsvörun útlína og innri línanna með ófyrirséðum tilbrigðum auk þess sem henni tekst að gera hverja veft að sértökum ljósbera með hárfínu samspili blæbrigða.

Þannig situr Ingibjörg Styrgerður sitt sérstaka fangamark á þessar þokkafullu veftir.

-ai

Álagaprinsar

Þórdís A. Sigurðardóttir í Gallerí Gangskör

Myndlist
Aðalsteinn Ingólfsson

Þórdís A. Sigurðardóttir hefur á sínum stutta ferli fengist við óvenju mörg efni: textíl, grástein, steinsteypu, járn, tré, pappírsmassa, vír, bómullargresjur, svo fátt eitt sé nefnt.


Þessar tilraunir með efni eru út af fyrir sig vottur um lofsverða framtakssemi hjá ungum listamanni sem nýsloppinn er úr skóla. Þó má ævinlega gæta sín á því að taka ekki efnistilraunir fyrir sjálfa sköpunina, þær eru leið til sköpunar.

Á lítilli sýningu sinni í Gallerí Gangskör sýnir Þórdís á sér óvenju margar hliðar. Mest sláandi er skúlptúrþykkni það sem hún nefnir „Leiðir" en í því er meira en tylft ílangra skúlptúra með lituðum kúfum.

Þessir kúfar eru tilbrigði um fjögur ólík form úr steypu eða tré, eina óreglulega samloku, lítið útskorið stykki og svo járnvír sem vafinn er með ýmsum hætti utan um og út frá þessum samsettu einingum.

Minna þessi verk á þann grófa, litríka skúlptúr sem komið hefur fram á sjónarsviðið í kjölfar nýrra viðhorfa í málverkinu.

Öll þessi tilbrigði um skúlptúrstef, sem einnig eru útlistuð í fremur óspennandi teikningum allt um kring, eru alls ekki óskemmtilegar fingraæfingar. Hins vegar er meira slátur í stærri verkum listakonunnar sem finna má í innri sal.



Þórdís A. Sigurðardóttir – Leið, bl. efni, 1987.

Þau eru búin til úr pappamössum, bómull, járnvír o.fl. og standa á löngum járnstöngum upp úr grágrýtiskubbum.

Þessir skúlptúrar, sem flestir kallast „Álagaprinsar", eru gerðir út frá tótemískum eða táknrænum forsendum, fremur en formrænum, það er, þeim er ætlað að hafa frumstæða kynngi fremur en að opinbera formræna nýsköpun.

Þótt ég sé ekki alveg sáttur við allt það sem Þórdís gerir við þessa „prinsa" sína, til dæmis fer óþarflega mikið fyrir sundurgerð í þeim, þá tekst henni líka að koma manni á óvart með sniðugum samsetningum.

-ai